

Reykjavík, 27. júní, 2013

Til Stjórnskipunar og eftirlitsnefndar Alþingis:

Umsögn frá Samtökum um nýja stjórnarskrá um:

**Frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá
lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.**

Stjórn SaNS, Samtaka um nýja stjórnarskrá, varar við því frumvarpi til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskránni, sem samþykkt var rétt fyrir þinglok í vor og sömu flutningsmenn hafa nú aftur lagt fram á Alþingi. Krafan um stuðning 40% kjósenda gefur andstæðingum nýrrar stjórnarskrár meira vægi en eðlilegt er, þar eð afstöðu- eða áhugaleysi er jafngilt andstöðu.

Frekar en að frumvarpið nái fram að ganga kýs SaNS að samþykki meiri hluta tveggja þinga með kosningum á milli gildi áfram þar til Íslendingar eignast nýja stjórnarskrá.

Frumvarpinu er í orði kveðnu ætlað að auðvelda Alþingi til bráðabirgða að breyta stjórnarskránni, án þess að rjúfa þurfi þing og kjósa að nýju til Alþingis. Skv. gildandi ákvæði ná breytingar á stjórnarskránni því aðeins fram að ganga, að Alþingi samþykki þær fyrst með einföldum meiri hluta, þing sé þá rofið, alþingiskosningar fari fram og Alþingi samþykki síðan breytingarnar aftur með einföldum meiri hluta.

Í frumvarpinu er kveðið á um, að hægt sé að fara í kringum gildandi ákvæði með því, að Alþingi geti samþykkt breytingar á stjórnarskránni með 2/3 hlutum greiddra atkvæða og borið þær síðan undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar með þeim áskilnaði, að frumvarpið teljist því aðeins samþykkt, að það hafi „hlotið meiri hluta gildra atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslunni, þó minnst atkvæði 40 af hundraði allra kosningarbærra manna“.

Kjörsókn var 49% þegar greidd voru atkvæði um frumvarp stjórnlagaráðs á síðasta ári og fylgi við nýju stjórnarskrána var 67%. Ef bráðabirgðaákvæðið, sem lagt hefur verið fram, hefði verið virkt hefði þurft tæplega 82% kosningaþátttöku til að nýja stjórnarskráin tæki gildi. Af þessu má ljóst vera að hverfandi líkur eru til þess að hægt sé að ná fram breytingum á stjórnarskránni fyrir tilstilli frumvarpsins.

Krafan um að 40% kjósenda samþykki frumvarp að nýrri stjórnarskrá í þjóðaratkvæðagreiðslu gefur kjósendum sem lítinn áhuga hafa á málinu, eða vilja ekki taka afstöðu, óeðlilega mikið vægi. Með því að sitja heima geta þeir komið í veg fyrir samþykki frumvarpsins. Andstæðingar nýrrar stjórnarskrár gætu hvatt kjósendur til að sniðganga kosningarnar og láta afstöðuleysi ráða afdrifum málsins. Ráðstafanir sem hvetja til þess að kjósendur séu lattir til lýðræðislegrar þátttöku eru í sjálfu sér andlýðræðislegar og grafa undan markmiðum þjóðaratkvæðagreiðslna.

Gildandi ákvæði stjórnarskrárinnar duga til að ná fram þeim stjórnarskrárbreytingum, sem kjósendur lýstu eindregnum stuðningi við í þjóðaratkvæðagreiðslunni 20. október 2012. Alþingi ber að virða eindreginn vilja kjósenda eins og hann kemur fram í þjóðaratkvæðagreiðslu

F. h. Samtaka um nýja stjórnarskrá

Sigríður Ólafsdóttir, varaformaður